

Efnalausnir ehf.
Grensásvegi 1
108 Reykjavík

Reykjavík, 8. júní 2021
UST202003-527/B.B.B.
07.05.02

Málslok

Vísað er til bréfs dags. 7.10.2019 þar sem kynnt var eftirlit með flokkun, merkingum, umbúðum, öryggisblöðum og skráningu hættulegra efna sem framleiddar eru hér á landi.

Efnalausnir ehf. var ábyrgt fyrir markaðssetningu varanna EL-Rakaeyðir fyrir díselolíu (0,5 L) og Caustak 30 (1300 kg) héraðs og leiddi skoðun á þeim í ljós frávik varðandi flokkun, merkingu umbúða og öryggisblöð. Einnig vantaði staðfestingu á skráningu efna í vörunum. Umhverfisstofnun féll frá kröfum um vöruna EL-Rakaeyðir fyrir díselolíu sem tilgreind voru í áðursendu bréfi, dags. 4.3.2020, þar sem framkvæmdarstjórn Evrópuráðsins telur að viðbótarefni í eldsneyti líkt og rakaeyðir hafi ekki hreinsieiginleika sem falla undir reglugerð nr. 648/2004 um þvotta- og hreinsiefni þar sem efnin eru fjarlægð/ gufa upp vegna varmbreytingar fyrst og fremst og er hefur því hreinsieiginleikar rakaefnis óveruleg eða engin áhrif á fjarlægingu efnis. Efnalausnir ehf. ákvað að hætta markaðssetningu vörunnar Caustak 30 hér á landi.

Að framansögðu telst máli þessu lokið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að eingöngu var um að ræða eftirlit með EL-Rakaeyði fyrir díselolíu (0,5 L) og Caustak 30 (1300 kg) og því aðeins gerðar athugasemdir við framangreindar vörur. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Efnalausnir ehf. flytur inn og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli laganna.

Virðingarfyllst

Fífa Konráðsdóttir
sérfræðingur

Bergdís Björk Bæringsdóttir
sérfræðingur